



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/473
komudagur 13.11.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóv. 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, 198. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Í frumvarpinu felast breytingar sem samtökin styðja, þ.e. að rannsóknasjóður og rannsóknánámssjóður verði sameinaður og að markáætlun á sviði vísinda og tækni fái stöðu í lögum og að skýrt sé kveðið á um stjórn hennar og úthlutunarreglur.

Samtökin styðja einnig breytingu á nafni og starfssviði Tækjasjóðs sem verður Innviðasjóður að frumvarpinu samþykktu. Hins vegar leggja samtökin til að stjórn fyrirhugaðs Innviðasjóðs verði skipuð til jafns fulltrúum úr stjórn Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs. Einnig er lagt til að í fagkröfum til fulltrúa í fagráðum og stjórnar Innviðasjóðs verði litið til einstaklinga sem ekki bara hafi „*víðtæka reynslu af rannsóknum*“ heldur að þar veljist jafnframt til starfa einstaklingar sem hafi „*innsýn í nýsköpun og hagnýtingargildi rannsókna*“. Fyrirkomulag við Innviðasjóð yrði þannig eins og gilda á um markáætlun á sviði vísinda og tækni. Rökin eru þau að tækin (innviðirnir) eigi að gagnast öllum og að vísindaaðilar sem starfi á einkagrunni geti fengið úthlutun og að það sé ekki síður mikilvægt að hafa tækni- og atvinnulífshugsun en hreina vísindahugsun við þetta. Þetta getur t.d. átt við um uppbyggingu gagnagrunna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins